

t.d. átt við um notkun efnis sem hættu er á að geti verið vírussmitað. Þá skal taka fram hvernig starfsmenn geti brugðist við ef þeir lenda fyrir mistök á slíkum heimasíðum eða fá slíkt efni sent með tölvupósti.

- 4) Hvernig upplýsingar um netnotkun og afrit af tölvupósti séu varðveitt, hversu lengi og í hvaða tilgangi og hvernig að öðru leyti séu uppfyllt ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- 5) Hvernig hagað er eftirliti með því að vinnureglur hlutaðeigandi fyrirtækis/stofnunar séu virtar og hvaða afleiðingar brot á þeim geta haft. Skal þess gætt við ákvörðun afleiðinga að þær séu innan marka laga og kjarasamninga.

5. gr.

*Upplýsingaskylda vinnuveitanda við
gerð ráðningarsamnings.*

Við ráðningu starfsmanns er æskilegt að þess sé gætt, áður en gengið er frá samningi, að upplýsa starfsmanninn um þær reglur sem gilda um netvöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það þá gert með skýrum, ótvíræðum og sannanlegum hætti. Skal koma fram í ráðningarsamningi hvernig að þessu hafi verið staðið. Verði slíku ekki við komið, s.s. vegna þess að ekki sé gengið frá skriflegum ráðningarsamningi, skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að vinnureglum. Er æskilegt að slíkar reglur séu birtar á heimasíðum vinnuveitanda og samtaka launafólks, í starfsmannahandbókum o.s.frv.

6. gr.

Heimild.

Leiðbeiningarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. og 6. tl. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 17. desember 2001.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Nr. 1002

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2000.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun vegna erlendar innheimtu	2.895.067
Innheimtuþóknun önnur	4.746.517
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	6.950.519
Innheimtir dráttarvextir og aðrar vaxtatekjur	<u>206.555.385</u>
	<u>221.147.488</u>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	54.158.214
Húsnæðiskostnaður	2.363.133
Kostnaður við fjárnám	14.541.515

	Kr.
Annar rekstrarkostnaður	22.870.696
Vextir og verðbætur	819.604
	<u>94.753.435</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>126.394.053</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2000.

Peningalegar eignir:

Veltufjármunir:	
Handbært fé	31.079.191
Óinnheimtar kröfur	3.909.310
Meðlagskröfur til innheimtu	7.148.326.596
Fyrirframgreiddur kostnaður	98.904
	<u>7.183.414.001</u>

Peningalegar eignir samtals

Skuldir:

Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður	388.522
Tryggingastofnun ríkisins	62.900.000
Erlendar innheimtur	873.336
Félagsmálaráðuneytið	10.072.651
	<u>74.234.509</u>

Samtals

Peningaleg staða 7.109.179.492

Aðrir liðir:

Framlag jöfnunarsjóðs	5.612.565.654
Annað eigið fé	1.496.613.838

Aðrir liðir samtals 7.109.179.492

Reykjavík, 28. maí 2001.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Snorri Björn Sigurðsson.

28. desember 2001

Nr. 1003

REGLUGERÐ

**um veiðar íslenskra skipa á Norðurishafsporski 2002,
skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.